

Læsisstefna Grunnskóla Raufarhafnar

Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 er læsi. Í Aðalnámskrá er fjallað um læsi í víðu samhengi en áhersla lögð á að nemendur séu virkir þátttakendur og fái tækifæri til þess að skapa eigin merkingu úr því sem þeir lesa.

Lestur er undirstaða alls náms og því mikilvægt að lögð sé áhersla á hann í upphafi skólagöngunnar. Ef vel er lagst á áramnar í upphafi skólagöngunnar búa börnin að því alla tíð. Lestrarþjálfun þarf einnig að vera fjölbreytt og markviss á öðrum skólastigum og það þarf að leitast við að vekja áhuga nemenda á lestri alla skólagönguna.

Í Grunnskóla Raufarhafnar er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í læsina barna. Kennari á yngsta stigi hefur tileinkað sér aðferðir Byrjendalæsis og lestrarkennsla í yngri bekkjum er skipulögð út frá þeirri aðferðarfræði. Einn af mikilvægum þáttum í lestrarnámi barna er þjálfun, í skóla og heima.

Hlutverk og markmið læsisstefnunnar

Markmið læsisstefnunnar er

- Að styðja kennara til að setja upp markmið í lestrar- og ritunarþáttum til lengri tíma og gera áætlun til að efla læsi nemenda og þjálfun í ritun fjölbreyttra textagerða.
- Að styðja og hvetja foreldra til að efla lestrar- og ritunarfærni barna sinna og efla samstarf foreldra og skóla með aukinni umræðu og markvissu skipulagi skólans.
- Að stuðla að samfellu í lestrar- og ritunarkennslu milli aldursstiga með aðgengilegum upplýsingum á sama stað.
- Að auka þekkingu kennara og foreldra á læsi.

Grunnstoðir læsis

Hlutverk skóla og kennara er að skapa nemendum sem bestar aðstæður til að læra og ná tókum á lestri og ritun. Ef vel á að takast þarf kennari að hafa almenna þekkingu á því hvað lestur er og því ferli sem undirstaða að góðri lestrarfærni er. Einnig þurfa kennarar að vita hversu langt nemendur eru komnir í lestrarþróuninni. Þáttur foreldra skiptir sköpum þegar kemur að lestrarþjálfun því rannsóknir hafa sýnt að bestu lesararnir eru þeir sem lesa mest (Lestrarfræði drög 2009. Rósa Eggertsdóttir tók saman).

Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 segir að þótt læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni snúist það fyrst og fremst um sköpun merkingar og það gerist ekki í tómarúmi. Merkingarsköpun einstaklinga ræðst af reynslu og aðstæðubundnum þáttum.

Meginmarkmið læsiskennslu er að virkja nemendur til þátttöku í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa.

Tæknilegir þættir

Í „Læsi Hugmyndahefti“ er talað um lestrartréð sem hefur stofninn málvitund. Stofninn greinist í tvær rætur, tákvitund og hljóðvitund. Ræturnar eru undirstaða þess að tréð geti vaxið og þroskast.

Það má segja að unnið sé út frá tveimur andstæðum kenningum í lestrarkennslu barna. Önnur kenningin gengur út á að stafir séu umtúlkaðir í orð, hljóð tengd saman í orð, orð tengd merkingu og síðan í merkingarbærar málsgreinar. Merkingarlegar tengingar eiga sér stað og síðan er þekkingin lögð á minnið. Hin kenningin byggir aftur á móti á því að ferli læsis hefjist á krefjandi hugsun sem síðan hafi áhrif á endurþekkingu orða. Í heildaraðferð er sýnishorn tekið af texta og unnið með það. Vinnan er byggð á fyrri þekkingu nemandans, spáð er fyrir um hver orðin geta verið og það byggir á hvernig nemandinn skynjar setningu. Textinn er lesinn til að fá staðfestingu á forspánni, merking er byggð upp og nemandinn tileinkar sér nýja þekkingu.

Tæknileg hlið læsis er umskráning þar sem einstaklingur hefur lært bókstafina sem gerir honum kleift að finna út merkingu orðanna. Sjálfvirk og örugg bókstafskunnátta er undirstaða góðrar lestrarfærni. Svo þarf að vera hægt að umskrá bókstafina í hljóð og síðan hljóðstreng. Þegar nemandinn þekkir orð veit merkingu þess og hvernig það er borið fram hefur hann tileinkað sér stafsetningareinkenni orðsins (Læsi hugmyndahefti 2002).

Hljóðkerfisvitund felur í sér almennt næmi fyrir hljóðkerfislegum keðjum, næmi fyrir atkvæðum í orðum, einstökum hljóðum og einkennum hljóða.

Góð hljóðvitund er ein af mikilvægustu undirstöðum lestrarnáms. Hún felur í sér næmi fyrir hljóðum talmáls. Þannig er þekking á bókstöfum og sambandi stafs og hljóðs undirstaðan í öllu lestrarnámi. Hljóðvitund má efla með ýmsum aðferðum. Dæmi um það eru verkefni þar sem hljóð í orði eru einangruð, endurþekking hljóðs í mismunandi orðum, flokkun hljóða, hljóðtenging, hljóðgreining og brottfall hljóða.

Lestaráryggi er mikilvægur þáttur í lestri og fáir nemendur tækifæri til þess að lesa upphátt í skóla og heima skilar það sér í auknu öryggi. Venjulega er um tvær leiðir að ræða þegar lestraröryggi nemenda er styrkt. Annars vegar lesa nemendur upphátt fyrir kennara og fá um leið viðbrögð og leiðsögn frá kennaranum. Hinsvegar lesa nemendur í hljóði upp á eigin spýtur.

Lesskilningur

Lesskilningur er sá skilningur sem nemandi hefur á lesnum texta. Forsenda góðs lesskilnings er orðaforði, málskilningur og skilningur á uppbyggingu tungumálsins. Grunnur lesskilnings er fyrri þekking og reynsla nemandans. Lesskilningur er flókið vitrænt ferli. Það er einnig gagnvirkir ferli sem krefst ígrundaðrar gagnvirkni milli þess sem les og textans sem lesinn er. Lestur felur í sér að lesa texta á línunum en einnig að lesa á milli og útfyrir lína.

Leggja þarf góðan grunn að námi í lestri og ritun á yngsta stigi grunnskólans. Ef vel er lagst á áramnar í upphafi skólagöngunnar búa börnin að því alla tíð. Tryggja þarf kunnáttu nemenda í umskráningu stafa og hljóða. Þjálfar þarf grunnfærni í lestri og ritun þannig að nemendur geti lesið einfaldan texta sér til gagns og gamans og miðla því sem lesið er til annarra í gegn um ritun eða annað tjáningarform.

Á miðstigi þarf að halda áfram að þjálfar nemendur í lestri og ritun eftir fjölbreyttum leiðum og aðferðum. Nemendur læra að beita mismunandi lestrartækni og einnig þurfa þeir að verða færir um að skrifa ólíkar tegundir texta.

Á unglíngastigi fá nemendur áfram þjálfun og kennslu í lestri og ritun. Þeir þurfa að geta beitt mismunandi aðferðum við lestur og ritun og þekkja mismunandi tegundir texta. Einnig þurfa nemendur að geta tjáð hugmyndir sínar og skoðanir skipulega og rökrétt í töluðu og rituðu máli.

Byrjendalæsi

Kennsla á yngsta stigi fer fram samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Byrjendalæsi er samvirk leið í læsiskennslu. Samvirknin felst í því að unnið er með einkenni og vinnubrögð málheildaraðferðarinnar og eindaraðferðar. Þannig byggir Byrjendalæsið á heildstæðri nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun í einu heildar ferli. Byrjendalæsi er kennt í þremur þrepum. Á fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Á öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflegs texta. Gert er ráð fyrir að lestrarkennsla fari fram tvisvar til þrisvar á dag, fimm daga vikunnar að lágmarki 90 mínútur á dag. Þannig byggir Byrjendalæsið á heildstæðri nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun í einu heildarferli. Megin markmið Byrjendalæsis er að börnin nái sem mestum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni.

Grunnstoðir Byrjendalæsis eru:

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir sem unnið er með á heildstæðan hátt.
- Merkingarbær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.
- Markviss samvinna og samskipti nemenda í námi.
- Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.
- Markviss kennsla aðferða styðja við lesskilning og fjölbreytta ritun.
- Nám án aðgreiningar, einstaklingsþörfum mætt innan nemendahópsins.

Orð af orði

Á miðstigi er lögð áhersla á aukna orðaforðavinnu. Í Orði af orði er lögð áhersla á öflugt málumhverfi, samvinnu og samræðu - að virkja forþekkingu nemenda, að nemendur geti rætt um það efni sem þeir fást við, inntak, hugtök, orð, að geta tjáð sig með viðeigandi orðræðu og geta notað viðeigandi lykilorðaforða. Áhersla er lögð á að gefa góðan tíma í kennslu, að brjóta vel efnið til mergjar stig af stigi og að nemendur læri markvisst að rannsaka, skoða og sundurgreina. Áhersla lögð á að nemendur geti gert áætlanir um námsferli og geti nýtt sér fjölbreytilega námstækni. Áhersla er lögð á sýnikennslu og stuðning kennara við nám nemenda stig af stigi þar til nemendur hafa náð sjálfstæðum tökum á náminu. Áhersla er lögð á að nýta aðferðina í öllum bóklefum greinum og samþætta fög þegar við á. Einnig er lesið fyrir nemendur.

Yndislestur

Í Grunnskóla Raufarhafnar er lögð áhersla á yndislestur. Gert er ráð fyrir að allir nemendur skólans lesi í 15 – 20 mínútur daglega fyrst í hljóði og síðan upphátt í paralestri eða fyrir kennara. Kennarar aðstoða nemendur við að finna sér lesefni við hæfi. Einnig eru hljóðbækur í boði fyrir nemendur sem þess þurfa. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar, forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur bókmennta er mikilvægur liður í almennri lestrarþjálfun og lestur stuðlar að auknum orðaforða og betra valdi á málinu.

Markmiðið með yndislestri er að auka áhuga nemenda á lestri bókmennta sér til ánægju og yndisauka og að gera slíkan lestur sjálfsagðan hlut hjá nemendum og þannig læri þeir að meta gildi bókmennta.

Bókasafn Raufarhafnar

Bókasafn Raufarhafnar er vel búið bókum fyrir alla aldursflokka og staðsett á jarðhæð skólans. Nemendur hafa óheftan aðgang að safninu og geta náð sér í bækur hvenær sem er. Starfsemi bókasafnsins er mikilvæg fyrir allt skólastarfið. Ekki síst hefur bókasafnið mikilvægt hlutverk hvað það varðar að kveikja, örva og viðhalda áhuga nemenda á lestri. Nemendur allra árganga fá aðstoð, hvatningu og ráðgjöf kennara við val á frjálsum lesefni við hæfi. Góður safnkostur og gott aðgengi að bókasafninu aðstoðar við að þroska og halda við hjá börnum og unglingum ánægju af lestri.

Leikskólinn

Námsmarkmið í málrækt og vísindum 3 – 4 ára börn:

| Málrækt | Skilningur | Tjáning | Hljóðkerfisvitund |
|--|---|---|--------------------------------------|
| Lesi og syngja með börnunum daglega. | Lesi bækur, útskýra erfið orð, ræða um innihald bókanna, spá fyrir um framhaldið. Skoða bókakápur og myndir í bókum. Markmiðið að geta hlustað á lestur í 10 mínútur. | Kenna börnunum að svara algengustu spurningum sem börn á þeirra aldri eru spurð að. | Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum. |
| Öll börn eiga bók með stafnum sínum eða nafni. | Vinna með örsögur. | Óbein leiðrétting - herma eftir með réttu. | Æfa hlustun, með lestri og leikjum. |
| Myndrænt dagskipulag alltaf sýnilegt fyrir börnin. | Kenna litina. | Kenna ég og þú. | Athyglis- og minnisleikir. |

| | | | |
|--|---|---|--|
| Vinna með spil, myndir og málræktarefni í daglegu starfi. | Vinna með orðaforða. Taka sérstaklega fyrir orðaforða sem tengist tilfinningum, veðri, fjölskyldu, líkamshlutum og dýrum. | Lengja setningar barnanna með því að endurtaka það sem þau segja og bæta inn meiri upplýsingum. | Vinna með rím, byrja með bull rím og færa sig svo yfir í að ríma algeng orð. Sýna börnunum hvernig orð sem ríma enda á sömu hljóðunum. |
| Nota tákn með tali með börnunum, sérstaklega þeim sem tjá sig minna. | Kenna hugtök: Eiginleikahugtök, staðsetningarhugtök tímahugtök og andstæð hugtök. | Kenna börnunum samræðu, horfa í augu, hlusta og tala til skiptis. | Læra vísur, þulur og sönglög. |
| Myndrænn stuðningur við hegðun. | Vinna með yfirhugtök og æfa börnin í að flokka eftir þeim. | Setja orð á hluti og athafnir. | Vinna með stafina og hljóðin þeirra. |
| | Vinna með tvær vísur/þulur t.d. úr vísnaþókinni og bókum eftir Þórarinn Eldjárn | Vinna með tjáningu, t.d. með hvað gerir þú ef eða hvað gerir þú þegar... spurningum. | Kenna börnunum að skrifa fangamarkið sitt. |
| | | Sögugrunnurinn, vinna með myndir og orð, búa til sögur. | |

Bernskulæsi – Stærðfræði - Vísindi

| Bernskulæsi | Stærðfræði | Vísindi |
|---|--|--|
| Gera ritmál sýnilegt. | Raða, para saman og flokka. | Vinna með verkfærakassa þar sem börnin geta rannsakað og unnið með ýmsa hluti s.s. skrúfur og nagla. |
| Veita börnunum frjálstan aðgang að pappír og skriffærum. | Kenna hugtök sem tengjast stærðum, t.d. lítill, stór, langur, stuttur, margir o.s.frv. | Hafa vísindaviku eftir áramót. Setja upp vísindastöðvar. |
| Gera bókum hátt undir höfði í starfinu. | Kenna stærðfræðileg tákni og mynstur. 4 ára læra fimm form: Hringur, ferningur, þríhyrningur, stjarna og hjarta. | Vinna með ólíkan efnivið í leik og starfi. |
| Lesið alls kyns efni fyrir börnin, kenna þeim að hægt er að lesa ritmál hvar sem það kemur fyrir. | Vinna með tölustafi og talnaskilning frá 1-5. | |
| | Kenna talharununa upp í 10. | |
| | Gera tölur sýnilegar fyrir börnin bæði í leik og starfi. | |

Þáttur foreldra

Á fyrstu árum barnsins mótast viðhorf þess til læsis. Á þeim árum byggja börn upp þekkingu á ritmálinu í gegnum uppgötvanir í umhverfi sínu og ekki síst í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti. Þessi grunnur að lestrarfærni er lagður á heimilum og leikskólum. Því auðugri sem reynslan er þeim meiri forþekkingu bera börnin með sér í grunnskólann.

Fræðimönnum ber saman um að barnabækur gegni mjög mikilvægu hlutverki fyrir málrækt og þróun læsis. Ritmál er miklu ítarlegra, formlegra og fjölbreyttara en talmál. Þau börn sem hafa átt ríkulega bókmenntareynslu eru einnig líklegri til að ná árangri. Orðaforði barna- og unglingabóka er einnig ítarlegri en sá orðaforði sem kemur fyrir í sjónvarpsefni fyrir börn og ungmenni.

Foreldrar geta, auk þess að lesa fyrir börn sín, hvatt þau til lestrar og einnig verið lestrarfyrirmyndir með því að lesa sjálf. Niðurstöður fjölmargra rannsókna sýna að þrátt fyrir að áhrif foreldra séu mest fyrstu árin eru þau enn talsverð allt til unglingsáranna. Af þessu hafa fræðimenn dregið þá ályktun að börn sem fá hvatningu frá foreldrum sínum séu jákvæðari gagnvart lestri og talin tvöfalt líklegri til að lesa utan skólatíma og þau tjá einnig meiri jákvæðni í garð lestrar. Þau börn sem sjá foreldra sína lesa eru einnig mun jákvæðari í garð lestrar en hin sem ekki sjá foreldra sína lesa. Íslensk rannsókn hefur sýnt að um að um fjórða hvert barn á Íslandi opnar ekki bók utan skólans og upplifir því aldrei þá ánægju af bóklestri sem er undirstaða lesskilnings. Lestur gefur líka tækifæri til gæðastunda með barninu og er góð lelið til að mynda sterk og jákvæð tengsl sem byggja á því að deila hugsunum og hugmyndum. Að ofansögðu má vera ljóst að ábyrgðarhluti foreldra er mikill en jafnframt eru heilmargar leiðir fyrir foreldra til að styrkja og hvetja börn sín á lestrarsviðinu.

Hagnýt ráð fyrir foreldra 5- 9 ára barna

Fyrir börn sem eru að byrja að lesa geta eftirfarandi leiðir verið hjálplegar

- lesið textann saman í kór
- foreldri les eina línu fyrst og barnið þá næstu, þegar komið er niður síðuna er byrjað aftur og nú er skipt um hlutverk
- foreldri les síðuna og barnið á eftir
- barnið les síðuna fyrst og foreldri á eftir (hjálp barninu við lesskilning í upphafi)
- ræðið saman um söguna að lestri loknum til að tryggja að barnið hafi skilið rétt
- að lesa upphátt fyrir barnið er ein besta leiðin til að vekja áhuga þess á lestri
- lesið eins oft með barninu og mögulegt er
- lestrarnám tekur tíma og börn þurfa æfingu og stuðning til að ná góðri færni – munið að góðir hlutir gerast hægt
- veljið heppilegan tíma fyrir lesturinn þegar ekki er von á truflun
- hvetjið barnið til að hlusta á eigin lestur. Hlustunin hjálpar því að heyra eigin mistök og lagfæra þau
- sýnið barninu að ykkur finnist bókin skemmtileg með því að sýna áhuga og spyrja spurninga
- að ræða við barnið um sögu eða bók hjálpar því að skilja efnið og tengja það við eigin reynslu. Það hjálpar líka við að auka orðaforða barnsins

Hagnýt ráð fyrir foreldra 9 -12 ára barna

Á þessu stigi er áherslan í lestrarnáminu á að hjálpa nemandanum að nota lestur og ritun á gagnrýnin, ábyrgan og virkan hátt. Á þessum aldri breytast börn líkamlega, vitsmunalega, tilfinningalega og félagslega. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvaða áhrif þessar breytingar hafa á lestrarnámið.

- haldið áfram góðum tengslum við kennara barnsins, leitið ráða hjá honum og fáið tillögur um það hvernig best er hjálpað barninu
- hvetjið barnið til að þjálf hugann með krossgátum, gátum, gestaprautum og orðaleikjum
- haldið áfram að hrósa barninu þegar það tekst á við nýjar áskoranir í náminu, bjóðið fram aðstoð og stuðning þegar þörf krefur

Hafið í huga að börn sem eru góðir lesarar koma oftast frá heimilum þar sem foreldrar:

- hafa áhuga á lestri
- lesa fyrir börn sín
- ræða við þau um það sem þau lesa, hugsa og gera

Það er mikilvægt að barnið lesi ekki aðeins orðin í textanum heldur nái merkingu þess sem lesið er. Gott er að styðja við lesskilning barnsins með því að nota mismunandi lesskilningsaðferðir, s.s.:

- tengja lesefnið við það sem barnið þekkir
- hjálpa því að sjá fyrir sér það sem gerist í sögunni
- draga fram lykilatriði
- kenna barninu að lesa milli línanna
- draga saman upplýsingar
- ef rangt lesið orð hefur ekki áhrif á merkinguna, látið það óáreitt
- ræða um hvað barnið sér búið að lesa til að kanna skilning
- gefa barninu tíma til að átta sig á um hvaða orð er að ræða
- spyrja spurninga um leið og lesið er t.d.
 - af hverju heldurðu að þetta hafi gerst?
 - hvað heldurðu gerist/ gæti gerst næst?
 - hvers vegna gerist þetta?
 - er þetta rökrétt eða líklegt?
- nota aðferðir við að átta sig á erfiðum orðum t.d.
 - skipta orðinu í minni hluta
 - hljóða sig í gegnum orðið
 - sleppa orðinu í bili og lesa áfram

Lesferill

Lesferill er matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að Lesferill spanni tímabilið frá þriggja til sextán ára aldurs. Þrisvar á hverju skólaári eru lesfimiþríf tekin, þ.e. í september, janúar og maí. Þeim fylgja svo myndræn framsetning og túlkun gagna á framförum nemenda. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Það ber að hafa það í huga að nemendur geta verið misvel á vegi staddir í lestri og fylgja ekki alltaf viðmiðum síns árgangs og þar geta margar ástæður legið að baki. Því er mikilvægt að horft sé til þess að nemendur sýni ávallt framfarir í lestri burtséð frá skráðum viðmiðum.

Heimildir

Læsi. Lestrarskimun. Hugmyndahefti. 2. útgáfa 2002 Námsgagnastofnun. Reykjavík
Rósa Eggertsdóttir. Lestrarfræði drög 2009. Háskólinn á Akureyri Aðalnámskrá grunnskóla.
Almennur hluti 2011 Greinasvið 2013. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Markmið í íslensku

1. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- þjálfist í framburði íslenskra máhljóða
- þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega
- þjálfist í að tjá sig á fjölbreyttan hátt frammi fyrir skólafélögum sínum
- þjálfist í að endursegja sögur og ljóð
- þjálfist í að lesa eigin sögur og ljóð upphátt fyrir skólafélaga sína
- kynnist þeim reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig í einu
- fylgist með umræðum og taki þátt í þeim
- hlusti á upplestur á textum og ljóðum
- hlusti á fyrirmæli og fari eftir þeim
- taki þátt í stuttum leikþætti/söngatriði

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- læri bókstafina og hljóð þeirra
- geti klappað atkvæði í orðum
- auki orðaforða með fjölbreyttri verkefnavinnu
- eflí málskilning með fjölbreyttri verkefnavinnu
- eflí lesskilning með fjölbreyttri verkefnavinnu
- fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennara
- hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt úrval bóka, bæði í kennslustofu og á skólasafni
- þjálfist í að fá lánaðar bækur á bókasafni
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á
- kynnist hugtökunum höfundur, aðalpersóna og söguþráður
- læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs

Ritun

Að nemandi:

- þekki skriftaráttina
- þjálfist í fínhyfingum
- þjálfist í að draga rétt til stafs og noti rétt grip
- þjálfist í að semja texta við myndir og skrifi sjálfur eða með aðstoð
- skrifi um atburði úr eigin lífi

Málfræði

Að nemandi:

- kynnist hugtökunum *bókstafur, hljóð, orð, málsgrein, punktur og spurningamerki*
- kynnist stafrófinu
- kynnist hugtökunum *sérhljóði og samhljóði*
- leiki sér með tungumálið, t.d. með rími og orðaleikjum

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matspáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|---|-------------------------|---|
| September | Stafabekking | Stafakönnun | |
| September | Lesfimi fyrir nemendur sem hafa forsendur til | Lesferill | |
| Október | Hugta- og hlustunarskilningur | Tove Krogh - teikniþróf | Sjá leiðbeiningar |
| Nóvember | Bókstafir, tölur, orð, atkvæði, setning, merki og hljóðgreining | Læsi 1. hefti | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar |
| Janúar | Lesfimi fyrir nemendur sem hafa forsendur til | Lesferill | |
| Febrúar | Lítill og stór stafatákn, hljóðgreining, hljóðtenging, lestur orða | Læsi 2. hefti | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar umsjónarkennara og foreldra. Nemendur undir 20% þurfa frekari íhlutunar sérkennara |
| Mars | Stafabekking | Stafakönnun | Þekki alla stafina og hljóð þeirra. Frekari þjálfunar er þörf fyrir þá sem ekki ná viðmiðum |
| Apríl | Lestur setninga, fylgja skriflegum fyrirmælum og hljóðgreining (skrifa eftir upplestri) | Læsi 3. hefti | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar umsjónarkennara og foreldra. Nemendur undir 20% þurfa frekari íhlutunar sérkennara og greiningar á stöðu |
| Maí | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 20 orð á mín. Almenn viðmið 55 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 75 atkv. á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara. Deildarstjórar fara yfir niðurstöður með umsjónarkennurum og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári. Fyrst í nóvember, að loknu Tove Krogh og Læsi 1, ásamt því að farið er yfir Hljóm – 2. Í apríl er seinni yfirferð á skimunum og prófum. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Markmið í íslensku

2. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- þjálfist í að bera fram öll íslensk málhljóð
- þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega
- tjái sig frammi fyrir skólafélögum á fjölbreyttan hátt
- þjálfist í að endursegja sögur og ljóð
- hlusti á upplestur á textum og ljóðum
- fylgist með umræðum og taki þátt í þeim
- taki þátt í stuttum leikþáttum eða söngatriðum
- horfi á leikþætti og söngatriði ýmist á sviði eða myndbandi
- þjálfist í að fara eftir munnlegum fyrirmælum
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið t.d. með rími og orðaleikjum
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum
- þjálfist í góðum samskiptum, kurteisi og hlustun

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- þjálfist bókstafina og hljóð þeirra með fjölbreyttum aðferðum
- örvist til lestrar með fjölbreyttum verkefnum
- auki lestrarhraða sinn
- auki orðaforða sinn með fjölbreytilegum verkefnum
- auki málskilning sinn með fjölbreytilegum verkefnum
- auki lesskilning sinn með fjölbreytilegum verkefnum
- fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi
- þjálfist í að fá bækur lánaðar á bókasafni
- læri nokkrar vísur og ljóð til söngs
- kynnist íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum
- þjálfist í að ræða bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á
- kynnist hugtökunum: *rím, höfundur, aðalpersóna, aukapersóna, söguhetja, söguþráður, vandamál/flækja, lausn*

Ritun

Að nemandi:

- þjálfist í að draga rétt til staffs og noti rétt grip
- þjálfist í að nota þá skriftargerð sem þeim hefur verið kennd
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum ritunarverkefnum
- þjálfist í ritun með margvíslegum verkefnum
- öðlist leikni í sögugerð; átti sig á uppbyggingu sögu (upphaf, miðja og endir)
- kynnist einföldum reglum um hástafi og lágstafi

Málfræði

Að nemandi:

- þekki hugtökin; bókstafur, hljóð, orð, málsgreinar, punktur og spurningamerki
- geri sér grein fyrir að orð eru til í mismunandi beygingarmyndum
- læri að ekkert orð endar á þ og ekkert orð byrjar á ð
- læri að ekkert orð byrjar á sg, sd eða sb
- kynnist stafrófsröð
- kynnist hugtökunum: *sérhljóði, samhljóði, samheiti, andheiti, sérnöfn, samnöfn og samsett orð*

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matspáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|--|---------------------------|---|
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| Nóvember | Viðhorf til lestrar, lestur stakra orða, orðhlutar í samsettum orðum | Læsi 1. hefti | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar |
| Nóvember | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Nóvember | Lesfimi | Lesferill | |
| Febrúar | Hlustunarskilningur og lesskilningur | Læsi 2. hefti | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar umsjónarkennara og foreldra. Nemendur undir 20% þurfa frekari íhlutunar sérkennara og greiningar á stöðu |
| Apríl | Lesskilningur | Lesmál | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar umsjónarkennara og foreldra. Nemendur undir 20% þurfa frekari íhlutunar sérkennara og greiningar á stöðu |
| Mái | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 40 orð á mín. Almenn viðmið 85 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 100 orð á mín. |
| | | | |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara. Deildarstjórar fara yfir niðurstöður með umsjónarkennurum og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Markmið í íslensku

3. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- tjái sig á fjölbreyttan hátt frammi fyrir bekkjarfélögum sínum,
- öðlist færni í að tjá sig munnlega í leikjum,
- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu,
- endursegi og/eða lesi sögur og ljóð upphátt,
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim,
- hlusti á upplestur á ólíkum textum og ljóðum,
- svari spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á,
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna og haldi athygli, t. d. á bekkjarfundum,
- fari í leiki þar sem þess er krafist að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- horfi á leikþætti og söngatriði, ýmist á sviði eða myndbandi
- endursegi efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- eigi góð samskipti, hlusti og sýni kurteisi
- taki þátt í stuttum leikþætti eða söngatriði
- fylgist með og taki þátt í umræðum
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir bekkjarfélögum sínum og foreldrum/forráðamönnum

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur verði lipur og skýr,
- auki leshraða sinn
- læri nokkrar þekktar vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- geti beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu
- kynnist verkum valinna íslenskra rithöfunda
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á
- geri sér grein fyrir hugtökum s.s. *höfundur*, *sögupráður (vandi/flækja)*, *sögupersónur (aðal- og aukapersónur)*, *umhverfi (sögusvið)*, *sögulok og boðskapur*
- geti lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum
- geti nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- geti valið sér lesefni sem hæfir lestrargetu og áhuga
- auki orðaforða sinn með fjölbreyttum verkefnum
- bæti málskilning með fjölbreyttum verkefnum
- bæti lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- geti lesið úr einföldum kortum og myndritum

Ritun

Að nemandi:

- nái tókum á að draga rétt til stafs
- skrifi skýrt og læsilega
- tileinki sér rétta notkun há- og lágstafa
- tileinki sér að hafa bil á milli orða
- geti beitt reglunni um ritun n-nn í enda orða
- geti beitt reglunni um ritun ng/nk
- geti beitt reglunni um *infaldan og tvöfaldan samhljóða*
- nýti í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, s.s. *upphafi, meginmáli og niðurlagi*
- semji sögur, frásagnir og ljóð

Málfræði

Að nemandi:

- þjálfist í að þekkja og greina *samheiti og andheiti*
- þjálfist í að þekkja og greina *sérnöfn og samnöfn*
- þekki mun á *sérhljóðum og samhljóðum*
- þekki helstu einkenni nafnorða; þau *skiptist í sérnöfn-samnöfn, að þau breytist eftir stöðu í málsgreinum og beygjast í tölu og kyni*
- geri sér nokkra grein fyrir hlutverki lýsingarorða og sagnorða
- þekki samsett orð, geti búið þau til og tekið í sundur
- þekki uppbyggingu orða í málsgrein; geti skipt eigin texta niður í málsgreinar með hjálp punkta og stórra stafa
- geti raðað orðum í stafrófsröð

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matspáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|--|---------------------------|---|
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| Nóvember | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Nóvember | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Janúar | Lesfimi | Lesferill | |
| Mars | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun eða greiningu á stöðu |
| Mars/apríl | Leshraði, lesskilningur, lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti | Logos skimun | Miðað við viðmið greiningargagna |
| Maí | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Maí | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 55 orð á mín. Almenn viðmið 100 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 120 orð á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara að undanskilinni Logos skimuninni sem er í höndum sérkennsluráðgjafa Skólaþjónustu Norðurþings.

Umsjónarkennari fer yfir niðurstöður með skólastjóra og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Markmið í íslensku

4. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- tjái sig á fjölbreyttan hátt fyrir framan bekkjarfélagana og stærri hóp
- vinni verkefni sem krefjast munnlegrar tjáningar
- geti rætt við bekkjarfélagana og komist að niðurstöðu þjálfist í að lesa sögur og ljóð upphátt
- geti talað skýrt og áheyrilega
- hlusti á upplestur á textum og ljóðum af athygli og geti greint frá upplifum sinni
- geti sagt frá atburðum úr eigin lífi og endursagt og svarað spurningum úr efni sem hann hefur hlustað á
- fylgist með umræðum og taki þátt í þeim
- horfi á fræðslu og skemmtiefni með athygli og vinni úr upplýsingum sem þar koma fram
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum, átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur verði lipur og skýr
- geti valið sér lesefni eftir áhuga og getu
- geti lesið úr einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum
- læri utanbókar vísur og ljóð til söngs
- fái tækifæri til að lesa og ræða fjölbreytta texta
- þekki hugtökin *ljóðstafir*, *rím* og *kvæði*
- geti notað hugtök eins og *vandamál/flækja*, *aðal-* og *aukapersóna*, *sögupráður*, *höfundur*, *umhverfi* og *boðskapur*
- auki orðaforða og lesskilnig með fjölbreyttum verkefnum

Ritun

Að nemandi:

- dragi rétt til stafs
- noti rétt grip
- þjálfist í góðum skriftarhraða
- þjálfist í ritun með margvíslegum verkefnum
- kynnist því að gera útdrætti
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum s.s. *ng/nk reglunni*, *reglum um einfaldan og tvöfaldan samhljóða*, *reglu um stóran og lítinn staf í sérnöfnum og samnöfnum*, *n/nn reglunni*
- skrifi skýrt og greinilega og vandi frágang
- nýti sér hugtökin *upphaf*, *miðja* og *endir* við ritun
- kynnist því að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu

Málfræði

Að nemandi:

- þekki hugtökin *samheiti og andheiti*
- geti greint mun á *sérnöfum og samnöfum*
- geti búið til samsett orð og tekið í sundur
- kunni stafrófið og geti beitt því
- kunni kyn nafnorða
- geti fallbeygt nafnorð í *eintölu og fleirtölu*
- þekki lýsingarorð og átti sig á stigbreytingu þeirra
- þekki sagnorð og átti sig á *nú tíð og þá tíð* þeirra
- þekki *sérhljóða og samhljóða*
- vinni með málið á fjölbreyttan hátt t.d. með orðtökum, málsháttum, í krossgátum, orðaleikjum og rími
- kynnist því að fletta upp í orðabók
- geti skipt eigin texta niður í málsgreinar með hjálp punkta og stórra stafa

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matsþáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|--|---------------------------|--|
| September | Stafsetning, lestur, málnotkun, ritun og lesskimun | Samræmd könnunarpróf | Nemendur undir 5 þurfa frekari þjálfunar við. Kennsluáætlun endurskoðuð í þeim þáttum sem koma illa út. Greiningar lagðar fyrir ef þörf er talin á. Endurmat |
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| Nóvember | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Nóvember | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Janúar | Lesfimi | Lesferill | |
| Mars | Lesskilningur | Orðrún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Maí | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Maí | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 80 orð á mín. Almenn viðmið 120 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 145 orð á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara að undanskildum samræmdu prófunum sem Menntamálastofnun fer yfir. Umsjónarkennari og skólustjóri fara yfir niðurstöður og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari

árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Markmið í íslensku

5. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- þjálfist í að tjá eigin skoðanir og tilfinningar og halda athygli áheyrenda
- kynnist því að taka þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- þjálfist í að hlusta af athygli á þann sem talar
- kynnist því að nýta sér gagnvirkt efni og æfist í að öðlast skilning á því sem fram fer
- þjálfist í að eiga góð samskipti, hlusta og sýna kurteisi

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning
- lesi af öryggi og lipurð
- þjálfist í að lesa margvíslega texta t.d. þjóðsögur, ljóð, ævintýri
- þjálfist í að greina og fjalla um aðalatriði texta og noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning
- æfist í að velja sér bækur við hæfi og lesi sér til ánægju og fróðleiks. Geti gert öðrum grein fyrir upplifun sinni
- þjálfist í að mynda sér skoðun á því sem hann les og geti skynjað boðskap texta
- kynnist því að nota rafrænt margmiðlunarefni til að bæta við þekkingu sína
- kynnist því að lesa úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum
- átti sig á mikilvægi bókmennta í sögu þjóðarinnar
- kynnist nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða t.d. *rím og ljóðstafi*

Ritun

Að nemandi:

- þjálfist í að skrifa upp mismunandi gerðir texta t.d. innkaupalista, afmælisboðskort, litlar ræður, sendibréf ofl.
- þjálfist í hugtökunum *upphaf, miðja og endir*
- þjálfist í að skrifa aðalatriði úr texta
- kynnist því að skrifa mismunandi stíl sem hentar efni og viðtakendum
- vinni með *persónusköpun, umhverfi og tíma*
- þjálfist í að skrifa almenna texta rétt eftir upplestri og að nýta sér helstu stafsetningarreglur s.s. *greini, ng/nk reglu, l /y, n/*
- þjálfist í að skrifa læsilega og vanda frágang
- kynnist því að nýta sér orðabækur og önnur hjálpargögn
- kynnist því að vinna með tölvur í ritvinnslu

Málfræði

Að nemandi:

- kynnist og geri sér grein fyrir mismunandi hlutverkum *nafnorða, sagnorða og lýsingaorða*.
- læri að þekkja nafnorð og vinna með þau. S.s. *Sérnöfn/samnöfn, eintölu/fleirtölu, kyn, greini, fall og stofn*
- kunni stafrófið og geti raðað í stafrófsröð
- þekki og kunni að nota *andheiti og samheiti*
- geti unnið með *samsett orð*
- efli orðaforða t.d. með notkun orðtaka og málshátta
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matsþáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|---------------|---------------------------|--|
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| Nóvember | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Nóvember | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Janúar | Lesfimi | Lesferill | |
| Mars | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Maí | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Maí | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 90 orð á mín. Almenn viðmið 140 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 160 orð á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara. Umsjónarkennari fer yfir niðurstöður með skólastjóra og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Markmið í íslensku

6. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og í stærri hópum
- geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar af nokkru öryggi og haldið athygli áheyrenda
- þjálfist í því að taka þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- hlusti af athygli á þann sem talar
- þjálfist í að nýta sér gagnvirkt efni og æfist frekar í að öðlast skilning á því sem fram fer
- eigi góð samskipti, hlusti og sýni kurteisi

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi
- þjálfist í að lesa og skilja flókin fyrirmæli og fari eftir þeim.
- þjálfist í að lesa margvíslega texta t.d. þjóðsögur, ljóð ævintýri og fleira
- geti greint og fjallað um aðalatriði texta og nota mismunandi aðferðir við lestur og skilning
- geti valið sér bækur til yndislestrar og skilji mikilvægi lesturs, þjálfist í að segja frá upplifun sinni
- sinni þjálfist í að gera útdrætti úr því sem hann hefur lesið, munnlega og skriflega
- þjálfist í að nota rafrænt margmiðlunarefni til að auka við þekkingu sína
- átti sig á mikilvægi bókmennta í sögu þjóðarinnar
- þjálfist í að nota hugtök tengd ljóðum t.d. *líkingar og boðskap*
- þjálfist í að mynda sér skoðun á því sem hann les og geti skynjað boðskap texta

Ritun

Að nemandi:

- þjálfist í að skrifa upp mismunandi gerðir texta t.d. frásagnir úr eigin lífi og lífi fjölskyldunnar, skrifað formleg bréf og geti líst skriflega ýmsum hlutum og atburðum úr umhverfinu.
- þekki hugtökin *upphaf, miðja og endir* í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun
- þjálfist í að raða efni skipulega í efnisgreinar þannig að gott flæði verði í texta
- þjálfist í því að skrifa mismunandi stíl sem hentar efni og viðtakendum
- þekki hugtökin *persónusköpun, umhverfi og tími* og geti nýtt sér þau í eigin ritun.
- þjálfist í að skrifa almenna texta rétt eftir upplestri og nýti sér helstu stafsetningarreglur s.s. *greini, ng/nk reglu, l/y og n/nn*
- þjálfist í að nýta sér orðabækur og önnur hjálpargögn t.d.
- geti skrifað skiljanlega og af öryggi og vandi frágang
- þjálfist í meðferð heimilda og gagnaöflunar
- þjálfist í að taka gagnrýni á eigin texta og vinna úr henni á uppbyggilegan hátt

Málfræði

Að nemandi:

- þjálfist áfram í mismunandi hlutverkum *nafnorða, sagnorða og lýsingaorða*.
- læri að þekkja lýsingarorð; *Stigbreytingu, kynbreytingu, stofn og fallbeygingu*
- læri að þekkja sagnorð; *nútið- þátíð og nafnhátt*
- þjálfist í að sambeygja algeng nafnorð og lýsingarorð
- geti búið til samsett orð af öryggi
- vinni með orðtök og málshætti
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matspáttur | Matstæki | Viðmið |
|----------------|--|---------------------------|--|
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| Nóvember | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Nóvember | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Janúar | Lesfimi | Lesferill | |
| Janúar/febrúar | Leshraði, lesskilningur, lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti | Logos skimun | Miðað við viðmið greiningargagna |
| Mái | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Mái | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Mái | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 105 orð á mín. Almenn viðmið 155 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 175 orð á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara að undanskilinni Logos skimuninni sem er í höndum sérkennsluráðgjafa Skólaþjónustu Norðurlands. Umsjónarkennari fer yfir niðurstöður með skólastjóra og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Markmið í íslensku

7. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- geti tjáð sig frjálsglega og skýrt fyrir framan bekkjarfélaga og stærri hópa, geri sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- tjái af öryggi eigin skoðanir og tilfinningar og geti haldið athygli áheyrenda
- geti tekið þátt í samræðum og rökræðum og farið eftir reglum
- hlusti af athygli og virðingu á þann sem talar og geti beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greini aðalatriðin
- eigi góð samskipti, gæti tungu sinnar, hlusti og sýni viðeigandi kurteisi
- geti rýnt í upplýsingar sér til gagns

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- hafi góðan leshraða og lesi af öryggi og með viðunandi skilningi
- hafi náð nokkrum tókum á að lesa flókin fyrirmæli og fari eftir þeim
- geti lesið margvíslega texta t.d. þjóðsögur, ljóð, ævintyri og fleira
- geti greint og fjallað um aðalatriði texta og noti mismunandi aðferðir við lestur og skilning af nokkru öryggi
- velji sér bækur við hæfi til yndislestrar og geti komið sinni skoðun á framfæri er varða þær sem lesnar eru
- geti nýtt sér rafrænt margmiðlunarefni til að dýpka þekkingu sína
- geti myndað sér skoðun á því sem hann les og skynjað boðskap texta
- nýti sér hugtök tengd ljóðum t.d. *rím, ljóðstafi, hrynjanda, líkingar og boðskap*
- átti sig á mikilvægi bókmennta í sögu þjóðarinnar

Ritun

Að nemandi:

- ráði yfir færni til að skrifa ýmsar textategundir, frásagnir og fræðitexta sem hæfa tilefninu.
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar,
- geti skrifað úrdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- sýni aukna færni í tæknilegum þáttum ritunar, stafsetning og uppbyggingu texta.
- kunnir hugtökin *persónusköpun, umhverfi og tími* og geti nýtt sér þau í eigin ritun.
- noti aðferðir s.s. húnur eða sterkar lýsingar til að hafa áhrif á lesenda
- geti skrifað almennan texta rétt eftir upplestri og noti til þess helstu stafsetningarreglur
- geti gert stuttan útdrátt úr efni sem hann hefur lesið bæði munnlega og skriflega
- geti notað stafsetningarorðabók og önnur hjálpartæki við ritun
- skrifi skiljanlega og af öryggi og vandi frágang
- þjálfist í að skrifa ritgerðir og lengri texta og noti heimildir rétt

- kunni að nýta sér orðabækur, hjálpargögn og upplýsingamennt
- geti tekið gagnrýni á eigin texta og unnið úr henni á uppbyggilegan hátt

Málfræði

Að nemandi:

- kunni og skilji mismunandi hlutverk *nafnorða, sagnorða, lýsingaorða og óbeygjanlegra orða*
- þekki lýsingarorð; *stigbreytingu, kynbreytingu, stofn og fallbeygingu*
- þekki sagnorð; *Nú tíð - þátíð, boðhátt og nafnhátt*
- geti sambeygt algeng *nafnorð og lýsingarorð*
- kunni að búa til *samsett orð* af öryggi
- vinni af öryggi með orðtök og málshætti
- þjálfist í margræðni orða
- þjálfist í setningum, málsgreinum og efnisgreinum
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matspáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|--|---------------------------|---|
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| September | Stafsetning, lestur, málnotkun/málfræði og ritun | Samræmd könnunarpróf | Nemendur undir 5 þurfa frekari þjálfunar við. Kennsluáætlun endurskoðuð í þeim þáttum sem koma illa út. Greiningar lagðar fyrir ef þörf er talin á. Endurmat. |
| Nóvember | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Nóvember | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Janúar | Lesfimi | Lesferill | |
| Mars | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Maí | Stafsetning | Aston Index 20 orða listi | Viðmið um árangur er 65%. Skoða þarf vel árangur þeirra sem ná ekki viðmiðum í samhengi við árangur í lestri |
| Maí | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 120 orð á mín. Almenn viðmið 165 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 190 orð á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara að undanskildum samræmdu prófunum sem Menntamálastofnun fer yfir. Skólastjóri fer yfir niðurstöður með umsjónarkennurum og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Markmið í íslensku 8. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í samræðum í litlum hópum um tiltekið málefni
- geti tjáð sig frjálsglega frammi fyrir skólafélögum sínum og öðrum hópum um eigin reynslu og upplifun
- geti hlustað af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra
- geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál og endursagt efnið á skipulegan hátt, munnlega eða skriflega
- horfi á a.m.k. eina íslenska kvikmynd
- þjálfist í að hlusta á upplestur ýmiss konar bókmenntaefnis

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi, heima, á bókasafni eða á netinu.
- lesi nokkrar (unglinga)bækur að eigin vali (yndislestur)
- lesi og ræði ítarlega um bækur sem fjalla um unglina
- auki orðaforða sinn og lesskilning með margvíslegum lestrarverkefnum
- þekki grunnhugtökin í umfjöllun um skáldsögur, t.d. *boðskapur*, *aðal-* og *aukapersónur*, *tími*, *umhverfi*
- hraðlesi eina til tvær skáldsögur og geri grein fyrir efni þeirra skriflega eða munnlega
- þjálfist í mismunandi lestri, leitarlestri, yfirlitslestri, hraðlestri og nákvæmnislestri
- lesi og ræði um mismunandi lausamálstexta s.s. smásögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og valda texta úr íslendingasögum eða þáttum
- þekki mun hefðbundinna og óhefðbundinna ljóða
- lesi og ræði valdar vísur og ljóð
- þekki hugtökin, *rím*, *stuðlar*, *braglína*, *endurtekning*, *persónugerving* og *líking* og geti nýtt sér þau í umfjöllun og ritun um bókmenntatexta
- geti nýtt sér margmiðlunarefni til að dýpka þekkingu sína
- geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og áttað sig á tengslum efnisatriða

Ritun

Að nemandi:

- þekki flestar stafsetningarreglur og hafi náð nokkurri færni í greinamerkjasetningu
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- tileinki sér persónulega og læsilega rithönd
- geti skipt texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar af nokkru öryggi
- þjálfist í að taka glósur í námi sínu
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- skrifi útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- þjálfist í að beita mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis
- geti skrifað sögur og ljóð
- þjálfist í að nota myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á
- geti byggt upp texta á viðeigandi hátt
- fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta

Málfræði

Að nemandi:

- fái tækifræi til að leika sér með tungumálið, t.d. myndagátum, krossgátum, þrautum og ýmiss konar orða- og málleikjum
- átti sig á flokkun í *sagnorð*, *fallorð* og *óbeygjanleg orð* og í hverju flokkunin felst
- þekki beygingaratriði fallorða og geti fundið *fall*, *tölu* og *kyn orða*
- geri sér grein fyrir hvað uppflertimynd orða er og nýti sér það við notkun orðabóka
- þekki og geti unnið með reglulegar og óreglulegar beygingar sagnorða
- geti fundið nafnhátt og boðhátt sagna og átti sig á merkingarlegum einkennum þeirra
- geti fundið *nú tíð* og *þá tíð* sagna
- þekki mun *einhljóða* og *tvíhljóða*
- geti greint forskeyti og viðskeyti og skilið hlutverk þeirra við orðmyndun
- þekki muninn á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við eigin texta
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun
- geti nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar í námsgögnum
- geti flett upp í orðabókum og nýtt sér þær upplýsingar sem þar er að finna

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matsþáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|--|---|---|
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| Nóvember | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Janúar | Lesfimi | Lesferill | |
| Mars | Umskráningarfærni, stafsetning, hljóðlestrarhraði og lesskilningur | Greinandi lestrar- og ritmálspróf, GPR-14 | Viðmið miðast við greiningargögn |
| Mars | Lesskilningur | Orðarún | Viðmið að nemendur falli undir <i>Gott</i> eða <i>Meðal</i> . Aðrir þurfa frekari þjálfun |
| Maí | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 130 orð á mín. Almenn viðmið 180 á mín. Metnaðarfull viðmið 210 orð á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara að undanskildu GPR-14 prófinu sem er í höndum sérkennsluráðgjafa Skólaþjónustu Norðurbings. Umsjónarkennari fer yfir niðurstöður með skólastjóra og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Markmið í íslensku 9. bekkur

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi:

- geti tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögum sínum t.d. á fundum og samkomum
- geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka.
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni og komast að niðurstöðu
- taki þátt í leikrænni tjáningu, t.d. spunaæfingum, látbragðsleik eða leiklestri
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- geti flutt bundið mál þannig að rím, stuðlar og hrynjandi njóti sín
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- þjálfist í að tala blaðlaust um eitthvert ákveðið efni í tiltekinn tíma
- geri sér grein fyrir mikilvægi raddverndar, slökunar, rétttrar öndunar og líkamsbeitingar við framsögn
- hlusti á úrval bókmenntaefnis í bundnu og óbundnu máli t.d. af mynd- eða hljóðmiðli
- geti nýtt sér fræðslu og skemmtiefni á myndbandi, margmiðlunarefni og á netinu til ýmiss konar vinnslu

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi, heima, á bókasafni eða á netinu
- geti aflað sér heimilda á bókasafni og í ýmsum gagnagrunnum til frekari úrvinnslu
- geti nýtt sér orðabækur og aðrar handbækur til að auka orðaforða sinn og efla lesskilning
- lesi nokkrar bækur að eigin vali og fjallað um þær
- geti gert útdrátt úr því efni sem hann les
- átti sig á aðal- og aukaatriðum
- geti gert sér grein fyrir og fjallað um boðaskap, markmið og hugblæ ljóða
- sé fær um að beita ólíkum lestraraðferðum, t.d. leitarlestri, skimun, yfirlitslestri, nákvæmnislestri og hraðlestri
- geti gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda
- geti lesið og túlkað fjölbreyttar bókmenntir, íslenskar og erlendar
- geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði; *tími*, *sögusvið*, *sjónarhorn*, *ris*
- kannist við myndmál; *myndhverfing*, *bein mynd*, *viðlíking*, *persónugerving*

Ritun

Að nemandi:

- nái valdi á stafsetningu og þekki flestar reglur um greinarmerkjasetningu
- geti nýtt sér útskýringar í orðabókum, kennslubókum og notað leiðréttingarforrit þegar hann er í vafa um rithátt einstakra orða
- öðlist góða tilfinningu fyrir setningaskipan og skiptingu texta í málsgreinar og efnisgreinar
- geti gengið frá eigin texta, ma.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir, skoðanir og tilfinningar og rökstutt mál sitt
- geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli eða leiðbeiningar
- geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á
- nái góðum tókum á að skrifa útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- nái tókum á eðlilegri byggingu ritaðs máls
- þjálfist í ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
- geti beitt mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis
- þjálfist í að leita að og skoða efni á netinu til að nýta sér það í ritvinnslu
- geti nýtt sér tölvu við ritvinnslu og geti gengið frá efni á tölvutæku formi

Málfræði

Að nemandi:

- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið t.d. í myndagátum, krossgátum, þrautum og ýmiss konar orða- og málleikjum
- átti sig á hvernig orðum er skipt eftir merkingarlegum og formlegum einkennum í *fallorð*, *sagnorð* og *óbeygjanleg orð*
- þekki helstu beygingaratriði fallorða og sagnorða og átti sig á hvað er reglulegt og óreglulegt
- skilji merkingarlegan mun á háttum sagna
- geti flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna
- skilji hugtökin *setning*, *málsgrein* og *efnisgrein* og geti nýtt sér þau í sambandi við greinarmerkjasetningu, leiðréttingar og frágang eigin texta
- kannist við helstu hugtök í tengslum við orðmyndun, *stofn*, *fót*, *forskeyti*, *viðskeyti* og *beygingarendingu* og geti nýtt sér þau við stafsetningu og orðmyndun
- þekki og geti útskýrt mun orðtaka og málshátta
- öðlist áhuga á að vanda mál sitt sem best bæði í ræðu og riti og sem hæfir aðstæðum hverju sinni
- geri sér grein fyrir skyldleika íslenskunnar við önnur mál

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matsþáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|---|----------------------|--|
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| Nóvember | Lesskilningur | Lesskilningsverkefni | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar |
| Janúar | Lesfimi | Lesferill | |
| Mars | Lesskilningur, málotkun (málfræði og ritun) | Samræmd könnunarpróf | Nemendur með C og undir þurfa frekari þjálfunar við. Kennsluáætlun endurskoðuð í þeim þáttum sem koma illa út. Greiningar lagðar fyrir ef þörf er talin á. Endurmat. |
| Mái | Lesskilningur | Lesskilningsverkefni | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar |
| Mái | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 140 orð á mín. Almenn viðmið 180 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 210 orð á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara að undanskildum samræmdu prófunum sem Menntamálastofnun fer yfir. Umsjónarkennari fer yfir niðurstöður með skólastjóra og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.

Hafi nemandi náð viðmiðum 1 í Lesfimi, skal hann jafnframt taka framsagnarpróf

Hafi nemandi náð viðmiðum 3 í Lesfimi, skal hann einungis taka framsagnarpróf

Markmið í íslensku

10. bekkur

Talað mál hlustun og áhorf

Að nemandi:

- geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og tileinki sér viðeigandi talhraða og fas
- geri sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýti sér leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi
- geti tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstutt þær
- geti hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni
- geti nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt
- eigi góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi

Lestur og bókmenntir

Að nemandi:

- finni afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili, bókasafni og á netinu.
- afli sér heimilda á bókasafni og á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu
- þjálfist markvisst í notkun orðabóka, handbóka og gagnasafna
- geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið
- geti skynjað boðskap og markmið texta og gert grein fyrir þeim tilfinningum sem texti vekur með honum
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- þjálfist í að bera saman mismunandi texta
- kynnist heimi Íslendingasagna með því að lesa eða ræða um Íslendingasögu að hluta eða í fullri lengd
- þekki og geti útskýrt mun á mismunandi bókmenntaformi; *smásögu, skáldsögu, leikriti, heimildasögu, þjóðsögu, ævintýri, þulu, bréfi, dagbók, ljóði, prósaljóði og stöku*
- geri sér grein fyrir hugtökunum laust mál og bundið, hefðbundið og óhefðbundið ljóð
- geti fjallað um form og byggingu ljóða og notað til þess hugtökin *rím, stuðlar, braglína, hrynjandi og endurteking*
- kannist við nokkra algenga bragarhætti
- geti fjallað um skáldsögur og notað til þess hugtökin *tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur, ris, presónusköpun og aðal- og aukapersónur*
- þekki og geti fjallað um mismunandi gerðir myndmáls; *beina mynd, viðlíkingu, persónugervingu og myndhverfingu*
- læri að umgangast heimildir og geri skýran greinarmun á milli eigin hugmynda og annarra í umfjöllun um bókmenntaverk

Ritun

Að nemandi:

- kannist við allar stafsetningareglur og reglur um greinarmerkjasetningu
- geti stafsett rétt almennan texta
- geti nýtt sér hjálpargögn við réttritun
- beiti skipulegum vinnubrögðum við ritun og skipað efnisatriðum í röklegt samhengi
- geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir í rituðu máli og færð rök fyrir þeim
- geti skrifað mismunandi textagerðir með fjölbreyttum orðaforða og málsniði við hæfi
- nái tókum á heimildavinnu

Málfræði

Að nemandi:

- geti beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- átti sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra
- þekki helstu hugtök í tengslum við orðmyndun og orðhluta s.s. *stofn,rót, forskeyti, viðskeyti, beygingarending og samsett orð*.
- þekki og geti unnið út frá hugtökunum: *hlutstæður/óhlutstæður, gildishlaðinn/hlutlaus, sértækur/víðtækur*
- geti nýtt sér hjálpargögn til að greina málfræðiupplýsingar sem þar er að finna
- geri sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði
- átti sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun
- þekki til helstu framburðarmállýskna
- geri sér grein yfir mikilvægi góðrar færni í máli og ábyrgð sinni við að bæta mál sitt
- geti nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum
- öðlist trú á eigin málkunnáttu og málhæfni

Skimanir og próf

| Tímasetning | Matspáttur | Matstæki | Viðmið |
|-------------|---------------|------------------|---|
| September | Lesfimi | Lesferill | |
| Nóvember | Lesskilningur | Lesskilningpróf | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar |
| Janúar | Lesfimi | Lesferill | |
| Maí | Lesskilningur | Lesskilningspróf | Viðmið um árangur er 65%. Nemendur undir viðmiðum þarfnast frekari þjálfunar |
| Maí | Lesfimi | Lesferill | Lágmarksviðmið 145 orð á mín. Almenn viðmið 180 orð á mín. Metnaðarfull viðmið 210 orð á mín. |

Umsjón og úrvinnsla úr skimunum og prófum er í höndum umsjónarkennara. Umsjónarkennari fer yfir niðurstöður með skólastjóra og vinna þeir að íhlutunarleiðum. Það er gert tvisvar á ári, í nóvember og í maí. Fari árangur nemenda niður fyrir viðmið þarf að bregðast við með viðeigandi aðferðum t.d. frekari þjálfun eða breyttum kennsluháttum. Náist árangur ekki af því þarf frekari íhlutunar sérkennara við og í sumum tilvikum frekari greiningar. Niðurstöður skimana og prófa eru hluti af námsmati og er foreldrum gerð grein fyrir þeim.